

frá 1920, 3. gr., sbr. l. nr. 4 frá 1924 og lög nr. 14 frá 1948. Þar sem kærður hefur ekki áður sætt kæru né refsingu fyrir sams konar brot, þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 88.500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands með til-  
liti til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 33.90 aurar og verðlags-  
visitala 300. Hina tildæmdu sekt ber kærðum að greiða innan 4 vikna frá  
lögbirtingu dóms þessa, og komi ella í stað hennar 7 mánaða varðhald.

Allur afli og veiðarfæri í v/b Skrúð, S.U. 410, þar með taldir drag-  
strengir, skal gert upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber kærðum að greiða.

Því dæmist rétt vera :

Kærður, Hlifar Höskuldsson, greiði kr. 88.500.00 í sekt í Land-  
helgissjóð Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en  
afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í  
m/b Skrúð, S.U. 410, er gert upptækt til sama sjóðs.

Kærður greiði allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. júní 1949.

Nr. 33/1949. **Réttvísinn** (Eggert Claessen)

gegn

**Ingólfi Einarssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Manndráp. Sakhæfi. Öryggisgæzla.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með úrskurði Hæstaréttar 2. maí þ. á. var æskt umsagnar  
Læknaráðs um andlega heilsu ákærða, svo sem nánar greinir  
í úrskurðinum. Hæstarétti hefur borizt umsögn Læknaráðs-  
ins, dags. 24. þ. m., og er ályktun réttarmáladeildar ráðsins á  
þessa leið:

„Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur sak-  
borningur fengið geðveikisköst bæði fyrir og eftir 3. maí  
1947, en annars virðist hann ekki hafa verið geðveikur þess  
á milli. Réttarmáladeild getur fallizt á ályktun yfirlæknis geð-  
veikrahælis ríkisins, dr. Helga Tómassonar, að sakborningur

geti ekki talizt geðveikur að staðaldri, en hann sé geðveill (psychopat) og það ástand sé varanlegt; enn fremur, að því fylgi sú hættu, að hann geti misst stjórn á sér og unnið óhappaverk, ef svo ber undir, og orðið þannig hættulegur umhverfi sínu.

Erfitt er að fullyrða með vissu samkvæmt gögnum málsins um andlegt ástand sakbornings hinn 3. maí, er hann framdi umræddan verknað sinn. Greinilegt virðist, að einhvers konar æði hafi gripið sakborning, en hann hefur vafalaust allan tímann gert sér ljóst, hvað hann aðhafðist. Réttarmáladeild treystir sér ekki til að segja neitt ákveðið um, hvort sakborningur hefur verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, því að engin leið er að úrskurða eftir á, hve sterkum vilja sakborningur hefði getað beitt á tilteknu tímabili. Hins vegar má geta þess, að mörg dæmi eru til um, að slík óhappaverk hafa verið unnin, vegna þess að vilji manns hefur engu um ráðið, enda þótt honum sé ljóst, hvað hann sé að gera, og vilja þá skýringar á verknaðinum eftir á verða mjög út í hött.

Samkvæmt framansögðu telur réttarmáladeild mjög vafasamt, að refsing geti borið árangur gagnvart sakborningi.

Að öðru leyti sér réttarmáladeild ekki ástæðu til að gera athugasemdir við umsögn yfirlæknis dr. Helga Tómassonar.“

Eins og segir í framangreindri umsögn Læknaráðs, er ákærði geðveill og það ástand hans varanlegt. Samkvæmt skýrslu dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis, dags. 20. okt. 1948, var ákærði geðveikur fyrra hluta árs 1940 og dvaldist þá á geðveikraspítalanum á Kleppi, en fór þaðan albata, að því er yfirlæknirinn taldi, hinn 17. júlí nefnt ár. Eftir það var ákærði þó vistaður á Kleppi frá 14. jan. 1944 til 1. ágúst s. á. og aftur frá 17. okt. 1944 til 13. júní 1945, en yfirlæknirinn telur, að því er ráða má af skýrslu hans, að ekki hafi þá verið um eiginlega geðveiki að ræða. Sumarið 1947, eftir að ákærði hafði drýgt verknað þann, sem hann er ákærður fyrir, varð hann geðveikur að nýju samkvæmt skýrslu yfirlæknisins. Fékk hann þá óróaköst, sem stóðu 2—3 daga hverju sinni, og um mánaðartíma varð að hafa tveggja manna vörð yfir honum dag og nótt. Kveður yfirlæknirinn veikindakastið hafa rénað, þegar kom fram í nóvember, og á árinu 1948, fram til

þess, er skýrsla yfirlæknisins er dagsett, hafi ákærði verið „psykiskt eðlilegur“, þegar yfirlæknirinn athugaði hann.

Verknaður ákærða er slíkur sem lýst er í 211. gr. laga nr. 19/1940, að því er tekur til morðsins á ungbarninu Kristínu, og sömu gr. sbr. 1. mgr. 20. gr., að því er varðar banatilræðið við mæðgurnar Rósu Aðalheiði og Sigríði Hólm. Þegar það er virt, að andlegri heilsu ákærða er svo áfátt sem að framan er lýst og að hann hefur fengið brjálsemisköst bæði fyrir og eftir, að hann framdi afbrotið, að ekki hefur verið leitt í ljós neitt sennilegt tilefni annað en brjálsemi til svo ægilegs glæps sem hér átti sér stað, að árásin var framin án nokkurrar leyndar og að tilviljun virðist hafa ráðið, hver eða hverjir fyrir henni urðu, þá má telja víst, að ákærði hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, er hann vann verkið. Verður honum því samkvæmt 15. gr. nefndra laga ekki refsað fyrir verknaðinn. En þar sem andlegu ástandi ákærða er svo háttað, að mikil hætta er á því, að hann geti, hvenær sem er, misst stjórn á sjálfum sér og framið ódæðisverk, og að hann þess vegna er mjög hættulegur umhverfi sínu, þá ber nauðsyn til, að honum sé að óbreyttu ástandi haldið í öruggri gæzlu ævilangt. Ber því samkvæmt 62. gr. nefndra laga, nr. 19/1940, að dæma hann til að sæta slíkri öryggisgæzlu.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Einarsson, skal sæta öryggisgæzlu samkvæmt framansögðu.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts

Claessens og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. desember 1948.**

Ár 1948, mánudaginn 20. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5963/1948: Réttvísinn gegn Ingólfi Einarssyni, — sem dómtekið var hinn 10. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ingólfi Einarssyni, gæzlu-fanga í hegningarhúsinu hér, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. II. og VII. kafla sömu laga.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. febrúar 1910 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1931 23/12 Sátt, sekt 5 kr. fyrir ljósleysi á reiðhjólí.  
 1935 16/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1941 11/2 Kærður fyrir þjófnað á gasmæli o. fl. Látið niður falla, með því að þýfið var undir 50 kr. virði. Því var skilað aftur og málssóknar ekki krafizt.  
 1941 15/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, 30 kr. skaðabætur, fyrir brot gegn 245. gr. hegningarl., nr. 19/1940.  
 1942 19/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1943 22/1 Kærður fyrir innbrot í sumarbústað. Fellt niður, með því að kærði reyndist vera geðveikur.  
 1943 13/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1943 11/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1944 29/8 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og neitun að segja til nafns.  
 1945 5/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1946 26/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1946 17/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Verður nú greint frá málavöxtum, eftir því sem ákærði hefur skýrt frá og því sem á annan hátt er upplýst í máli þessu:

Laugardagskvöldið 3. maí 1947 kom ákærði inn í skála nr. 1 við Háteigsveg, en hann bjó í skúr þaðan skammt frá. Meðferðis hafði ákærði sax, sem beit allvel.

Í skála þessum bjuggu hjónin Rósa Aðalheiður Georgsdóttir og Kjartan Friðberg Jónsson ásamt dóttur þeirra, Kristínu, fæddri 5. ágúst 1945, og dóttur konunnar, Sigríði Hólm Guðmundsdóttur, 8 ára, og voru börnin ein heima, og lá yngra barnið í legubekk í svefnherbergi skálans.

Rósa Aðalheiður var að þvo þvott í þvottahúsi, sem er í lítilli sérbyggingu skammt frá skálanum, en eiginmaður hennar var nýgenginn út, þegar ákærði kom í skálann. Litlu eftir að ákærði var kominn inn í

skálann, réðist hann með hnífnum á bæði börnin og stakk þau margar stungur með þeim afleiðingum, að yngra barnið lézt strax af sárum, en því eldra tókst að komast undan ákærða og hljóp mjög blóðugt inn í þvottahúsið. Er móðir þess sá það, hljóp hún strax inn í skálann, en ákærði réðist þegar á hana og stakk hana einnig mörgum stungum. Henni tókst þó að losa sig við ákærða og komast að nærliggjandi skálum og ná í hjálp. Var ákærði litlu síðar handtekinn og færður á lögreglustöðina. Aðfaranótt sunnudagsins 4. maí var hann svo úrskurðaður í gæzluvarðhald, og hefur hann síðan dvalizt í hegningarhúsinu hér í bæ.

Nokkru eftir að ákærði hafði verið handtekinn, fóru rannsóknarlög-reglumenn að skálanum, en inni í honum, við dyr hans og þvottahússdyrnar var allmikið blóð eða blóðslettur. Voru myndir teknar þarna á staðnum, sem lagðar hafa verið fram, rskj. nr. 6, 7 og 8. Bæði Rósa Aðalheiður og eldri dóttir hennar, Sigríður Hólm, særðust mjög mikið og lágu lengi í sjúkrahúsi, eins og síðar verður skýrt frá.

Verða nú framburðir ákærða og vitna raktir, eftir því sem ástæður þykja til.

Ákærði kveðst ekki hafa verið við vín, þegar hann framdi verknaðinn, enda reyndist blóðsýnishorn, sem tekið var úr honum, skömmu eftir að hann var handtekinn, aðeins innihalda 0.18% af alkóhóli, og ekkert af vitnum þeim, sem yfirheyrð hafa verið, segjast hafa séð áfengisáhrif á ákærða eða fundið áfengislykt úr vitum hans. Ákærði skýrði fyrst svo frá, að hann hefði verið við vín föstudaginn 2. maí 1947, sofið lítið næstu nótt og verið illa fyrirhallaður kvöldið 3. maí 1947, þegar hann framdi árásina. Síðar breytti hann þessum framburði sínum og kvaðst hafa sofið vel aðfaranótt laugardagsins 3. maí 1947 og ekki verið illa fyrirhallaður næsta morgun. Dag þennan segist hann að mestu hafa dvalizt í skúr sínum og neytt mjög lítils matar. Um fjögurleytið e. h., að því er hann telur, hafi hann farið úr jakka sínum, lagzt upp á legubekk og legið þar fyrir þar til um klukkan 9 um kvöldið, en ekkert hafi hann þó sofnað, ef til vill blundað eitthvað. Skyndilega hafi eitthvert æði gripið sig og hann þotið upp af legubekknun, farið í jakka sinn, tekið stórt borðsax, er hann hafði fundið í skálarústum, og gengið greitt út úr skúrnum. Í fyrsta réttarhaldi, aðfaranótt sunnudagsins 4. maí 1947, kvaðst ákærði hafa haft hug á að fara inn í skála nr. 1 við Háteigsveg og ráðast á eitthvert fólk, sem þar kynni að vera, og stinga það með hnífnum. Í réttarhaldi mánu-daginn 5. maí 1947 segir ákærði það í og með hafa verið ásetning sinn að beita hnífnum gegn mönnum, þó ekki gegn nokkrum sérstökum, og hann hafi farið inn í framangreindan skála, af því að hann var næstur, en ekki vegna þess, að hann hafi vitað, að börn voru þar ein heima, eða af því, að hann hafi átt eitthvað sökótt við íbúa skálans. Í réttarhaldi 7. maí s. á. gefur ákærði þá skýringu á verknaði sínum, að hann hafi verið ein-mana í kofanum og átt mjög erfitt með allt samband við fólk og hafi hugsað sem svo, að lögreglan yrði þó að minnsta kosti að hirða hann, ef hann gerðist morðingi.

Strax og hann var kominn inn í skálann, kveðst ákærði fyrirvaralaust

hafa ráðizt á börnin, fyrst yngra barnið, og er hann hafði lokið verknaðinum við það, hafi eldri telpan komið inn eftir skálaganginum og hann þegar ráðizt á hana og stungið hana mörgum stungum, en þó ekki jafnmörgum og hitt barnið, enda hafi hnifsblaðið bognað í viðureign þessari, svo að hann hafi orðið að rétta það til að geta haldið stungunum áfram. Viðureign þessi hafi svo borizt út fyrir skáladyrnar, en þar hafi telpan hlaupið burtu og kallað á hjálp, en móðir hennar hafi þá komið. Segist hann þegar hafa ráðizt á hana og stungið hana nokkrum stungum, en hún hafi veitt mjög mikla mótspyrnu, náð öflugtu taki á vinstri jakkaermi hans, en hann sé örvhentur, og haldið ermi hans svo fast, að hann hafi átt mjög erfitt með að losa sig, en konan hafi svo komizt undan og hlaupið burtu að einhverju húsi. Litlu síðar hafi hópur manna komið að skáladyrunum og hann verið handtekinn, en áður hafi hann kastað hnifnum inn í skálaganginn, þar sem hann fannst. Var hnifurinn lagður fram í máli þessu og þingmerktur nr. 14.

Ákærði kveður sér hafa verið ljóst, hvað hann aðhafðist, þegar hann beitti hnifnum gegn börnunum og konunni, en sér hafi verið ómögulegt að sporna gegn þessu, þótt hálfgerður óhugur hafi verið í sér.

Vitnið Sigríður Hólm Guðmundsdóttir skýrir svo frá, að er ákærði kom inn í skálann, hafi það verið inni í svefnherbergi hjá systur sinni, og hafi ákærði spurt, hvort Kjartan Friðberg væri heima, en það hafi svarað því neitandi. Kveðst vitnið hafa séð í odd á hnifi, er ákærði hélt á fyrir aftan bak, og þá hafi það farið að gráta, en ákærði þegar ráðizt á það mjög æstur og stungið það mörgum stungum með hnifnum, en hve mörgum hefur það ekki getað gert sér grein fyrir. Er hér var komið, segir það systur sína hafa farið að gráta, og hafi ákærði þá snúið sér að ungbarninu, og sá vitnið hann stinga það tveim stungum. Hafi vitnið reynt að hjálpa systur sinni og tekið í fót ákærða, en hann hafi hrint því frá sér, og þá hafi það hlaupið fram skálaganginn og þannig komizt undan ákærða, sem hafi veitt því eftirför, og gert móður sinni aðvart. Því næst hafi það ætlað út á götuna til að ná í hjálp, en þar hafi liðið yfir það. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að hnifsblaðið bognaði, enda hafi það verið með lokuð augu, þegar ákærði stakk það, og hann orðið æstari, þegar hann sá, að það var hrætt.

Vitnið Rósa Aðalheiður Georgsdóttir kveður dóttur sína, Sigríði Hólm, hafa komið út í þvottahúsið til sín einhvern tíma milli klukkan 7 og 8 e. h. margnefnt laugardagskvöld, alblóðuga og grátandi, en ekkert getað sagt. Hljóp vitnið þegar inn í stofu skálans og sá þaðan, að ungbarn þess lá dáið á legubekknunum í svefnherberginu, en inni í stofunni kveður það ákærða, sem því virtist ekki vera æðisgenginn, hafa verið með hnif í hendinni. Segir það hann strax hafa ráðizt að sér, stungið það með hnifnum neðan til við hálsinn og sagt: „Það skal ekki verða mikið eftir af þér.“ Kveðst vitnið hafa streitst mikið á móti og þau borizt fram eftir ganginum, þar sem ákærði hafi stungið það einu sinni neðan við vinstra herða-blað, og svo út fyrir dyrnar, og hafi ákærði þar stungið það einni stungu í bakið og hnifsoddurinn lent í vinstra nýra. Er ákærði hafi komið þessu

höggi á vitnið, sleptti hann því, en það sagði: „Guð hjálpi þér, maður, hvað ertu að gera?“ Segir það ákærða hafa svarað: „Það þýðir lítið að biðja guð að hjálpa sér.“ Er hér var komið, kveðst vitnið hafa hlaupið að skála nr. 3 við Háteigsveg, en á leiðinni þangað sá það eldri dóttur sína liggja við vegarkantinn og taldi hana látna. Við síðastnefndan skála kveðst það hafa kallað til fólksins þar eftir hjálp og sagt, að verið væri að drepa börn þess, en því næst hafi það farið að öðrum skála og beðið um aðstoð, enda hafi menn brátt komið og handtekið ákærða, borið vitnið upp í bifreið og flutt það á Landspítalann.

Vitnið Valdimar Óskar Kristmundsson bifreiðarstjóri, Háteigsvegi 25, sem kveðst þekkja vel Rósu Aðalheiði, Sigríði Hólm og ákærða, skýrir svo frá, að margnefnt laugardagskvöld hafi það verið að hafa fataskipti í herbergi sínu um klukkan 20.40 og þá séð út um herbergisglugga sinn, hvar eldri dóttir Rósu Aðalheiðar kom hlaupandi út úr heimili sínu, en á hælum hennar hafi móðir telpunnar komið og svo ákærði. Er telpan var komin að vegarbrúninni, kveður það hana hafa lítið til baka, en fallið svo fram yfir sig á vegarkantinn. Fyrir framan skáladyrnar kveður vitnið ákærða hafa náð tókum á Rósu Aðalheiði, slegið til hennar, svo að hún féll við, en stóð strax aftur upp. Hafi ákærði, sem vitnið sá, að var með eitthvert verkfæri í höndum, slegið oft til hennar og höggin lent á herðum hennar og neðan til á baki og hún fallið, en getað staðið á fætur, hlaupið að skála nr. 3 við Háteigsveg og kallað þar á hjálp. Vitnið, sem var næstum nakið, þar eð það var að hafa fataskipti yzt sem innst, hringdi í síma sínum strax á lögreglustöðina og bað um aðstoð, enda kveður það þetta hafa borið svo skjótt að og ákafa ákærða verið svo mikinn, að því mundi eigi hafa unnizt tími til að hlaupa út konunni til aðstoðar.

Í skála nr. 3 voru stödd eftirtalin vitni: Þorleifur Kristinn Þorleifsson verzlunarmaður, Pálína Þorleifsdóttir heimasæta og móðir þeirra, Elín Sigurðardóttir, öll búsett í nefndum skála, auk festarmanns Pálinu, Jóns Tryggva Valentínussonar járnsmíðanema, Hverfisgötu 82 hér í bæ. Skýrir Þorleifur Kristinn svo frá, en framburður hans er í samræmi við framburði nefndra vitna að því leyti, sem þau hafa getað borið um málsatvik, að um klukkan hálfniú laugardagskvöldið 3. maí 1947 hafi Rósa Aðalheiður komið að heimili hans, særð og blóðug, kallað á hjálp og sagt, að brjáláður maður hefði ráðizt á sig og börn sín, en því næst fór hún að skála nr. 4 við nefndan veg og bað einnig hjónin Baldur Gíslason bifreiðarstjóra og Sigríði Margrétu Guðmundsdóttur um hjálp. Þorleifur Kristinn og Jón Tryggvi hlupu þegar niður að skála Rósu Aðalheiðar, en á leiðinni þangað sáu þeir eldri dóttur hennar liggja meðvitundarlausu við vegarbrúnina og hugðu eigi að henni, þar sem fólk hafði þegar komið þar að. Í þessum svifum bar þarna að tvær bifreiðar, og var Sigríður Hólm borin upp í aðra þeirra, en Rósa Aðalheiður upp í hina af Elínu Sigurðardóttur og hjónunum í skála nr. 4 við Háteigsveg. Þeir Þorleifur Kristinn og Jón Tryggvi fóru að skála Rósu Aðalheiðar, en þangað var einnig komið fleira fólk, og eru framburðir þess einnig í samræmi við aðra

vitnaframburði að því leyti, sem hvert vitni hefur getað skýrt frá. Verða þeir nú raktir sameiginlega.

Er komið var að skálanum, kallaði Pálina Þorleifsdóttir, að barn væri þar inni, en þá hafði verið skorað á ákærða, sem stóð inni fyrir skáladyrnunum og þurrkaði blóð af hnifi þeim, er hann var með, og hafði orð á því, að kalla skyldi á lögregluástoð, að koma út. Kveða vitnin hann hafa verið rólegan að sjá. Varð ákærði við áskoruninni, kastaði hnífnum inn í skálaganginn og var svo færður á lögreglustöðina, að sögn vitna rólegur og þögull, nema hvað hann bað um leyfi að þurrka blóð af hendi sinni, er honum var leyft. Á lögreglustöðinni gerði ákærði tilraun til að hlaupast á brott, en var aftrað frá því. Jón Tryggvi fór inn í skálann og bar yngra barnið, sem þá var örent, út í bifreið þá, sem systir hennar var flutt í á Landspítalann, en þangað var móður þess einnig ekið í annari bifreið.

Á oddi hnífsblaðs ákærða voru blóðblettir, er rannsakaðir voru ásamt blóði Rósu Aðalheiðar og dætra hennar, og segir í vottorði Þórarins Sveinssonar læknis, að líkur séu til, að blóðblettir hnífsblaðsins séu úr blóði Rósu Aðalheiðar. Í krufningarskýrslu sama læknis segir, að yngri dóttir Rósu Aðalheiðar, Kristín Kjartansdóttir, hafi orðið fyrir hnífstungusárum, bæði í gegnum hjartað og aðalslagæðina aftur við hrygginn, og áverkar þessir muni hafa valdið bráðum bana. Samkvæmt vottorði Þorgeirs Gestssonar læknis lá Rósa Aðalheiður Georgsdóttir á Landspítalanum frá 3. maí 1947 til 4. júní s. á. Á utanverðum hægri upphandlegg hafi verið tvær stungur um  $1\frac{1}{2}$ —2 cm á lengd og nokkuð djúpar. Á baki milli 2. og 3. rífs sé stunga um  $1\frac{1}{2}$  cm á lengd. Þá segir enn fremur, að aftan til í vinstra nýra-, „region“ sé um 3 cm langur skurður og komi í ljós, að vinstra nýra hafi skaddast. Við komu á sjúkrahúsið segir, að konan sé talsvert „shockeruð“, hafi slæma verki í kviði og talsvert blæði úr áverkunum, en henni gefið blóð og „plasma infusjon“, og við brottför af sjúkrahúsinu hafi hún verið orðin sémilega hress, þótt hún væri talsvert máttfarin.

Samkvæmt vottorði greinds læknis lá Sigríður Hólm á Landspítalanum frá 3. maí 1947 til 5. júní s. á. Segir í vottorðinu, að hún hafi hlotið 9 hnífstungur, flestar um 2 cm á lengd, nema eina á hægri framhandlegg um 5 cm á lengd og þar hafi skorizt í sundur sínar, margar stungur nái inn í bein og ein inn í brjósthol og talsvert hafi blætt úr sárunum, en telpan verið í allmiklu „shock“-ástandi, fól, útblædd og rænulítill, enda hafi hún strax fengið blóðgjöf og hressst við það. Síðan hafi verið gert að sárunum hennar, sínar saumaðar saman og blæðing stöðvuð. Telpan hafi verið illa haldin fyrst og fengið lungnabólgu, en hafi svo hressst smátt og smátt, og við brottför af sjúkrahúsinu hafi henni líðið vel og verið eðlileg að sjá.

Hinn 7. maí 1947 var kveðinn upp úrskurður um, að geðheilbrigði ákærða skyldi rannsökuð af geðveikralækni. Dr. Helgi Tómasson, yfir-læknir á Kleppi, hafði ákærða til rannsóknar alllangan tíma, enda var lækni-rinn erlendis um skeið. Í skýrslu sinni, dagsettri 20. október sl., og

viðbótarskýrslu, dagsettri 27. s. m., lýsir hann hugarástandi ákærða, segir frá æviferli hans. Segir svo í niðurlagi skýrslunnar frá 20. október:

„Ingólfur Einarsson var þegar frá barnæsku sérsinna, stíflundaður og fálátur, og hefur máski nokkru ráðið þar um líkamslýti til augnanna. Hann aðhylltist snemma frekar öfgafullar skoðanir og var þar á öndverðum meið við heimili sitt og fjarlægðist það því enn meira. Hann byrjaði að drekka, varð fyrir vonbrigðum. Í hysterisku geðveikiskasti veitir hann sér óviljandi áverka, svo að líkamslýti hans verða enn meiri. Það dregur úr starfsmöguleikum hans og starfslöngun hans, og hann einangrast enn meira. Fyrri vini vill hann lítið umgangast. Drykkjuskapur, lögbrot og einstæðingsskapur var orðið hlutskipti hans, en fálæti og stundum hysterisk frekjuköst einkenndu framferði hans.

Hann hefur að vísu áður verið geðveikur og drykkfelldur, geðveiki hans var psykogen og læknaðist. Drykkjuskapur hans var mun meiri áður, en virðist þó hafa verið með minna móti í vetur (1946—47), a. m. k. sólarhringur er liðinn, frá því er hann síðast bragðar áfengi, og þá ekki mikið, þar til er hann fremur afbrotið.

Afbrot hans virðist mér ekki hvatabragð eða skammhlaupaverk geðveiks manns, heldur vanhugsað örþrifarád til sjálfsbjargar hjá þrásinna manni, er hefur horn í síðu þjóðfélagsins, — örþrifarád svipaðs eðlis og sefasjúk viðbrögð vanmátta einstaklinga. Að hann varð mansbani, var frekar af vangá en yfirlögðu ráði. Hann ætlaði sér ekki af frekar en margir í sefasýkisköstum.

Hann virðist hafa verið algáður á undan og eftir og a. m. k. að einhverju leyti, á meðan hann vann verkið. — Hann vissi, hvað hann var að gera, og hann hafði ógeð á því, sem hann var að gera. Bendir það til þess, að ekki hafi verið um æði frávíta manns né morðsýki kaldrifjaðs glæpamanns að ræða og ekki um misþyrmingar sadistíks eðlis eða verkan eftir áfengisofnautn. Á hinn bóginn hefur hann ekki virzt iðrast verknadar síns, aðaltilganginum varð náð, að komast undir manna hendur, þótt hrapallega tækist til.

Afbrigðileg hegðun mannsins virðist eiga rót sína að rekja til líkamslýtis, nokkurs andlegs misþroska, sálarlegra og félagslegra aðlögunareriðleika, en hvorki geðsjúkdóms né illmennsku.“

Álit yfirlæknisins á ákærða hinn 3. maí 1947 er, að hann hafi verið geðveill, psykopat, en hvorki vanviti né geðveikur. Í viðbótarskýrslunni frá 27. október tekur yfirlæknirinn fram að gefnu tilefni frá rannsóknardómaranum, að hann telji verknad ákærða eigi geta fallið undir 15. gr. hegningarlaganna, en að ákærði hafi verið í því ástandi, sem 16. gr. nefndra laga gerir ráð fyrir. Ekki kveðst læknirinn með vissu geta sagt um, hvort refsing geti borið árangur, en telur það frekar ósennilegt.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, þykir brot ákærða varða við 211. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 16. gr. sömu laga, en með tilliti til framanskráðs álits geðveikislæknisins og þess, að ákærði hefur samkvæmt skýrslu sama læknis fengið geðveikisköst bæði fyrir 3. maí 1947 og eftir, verður eigi talið, að refsing honum til

handa geti borið árangur. Þykir því samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna bera að dæma hann til gæzlu á viðeigandi hæli.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Einarsson, skal sæta gæzlu á viðeigandi hæli.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. september 1949.

Nr. 56/1949. **Valdstjórnin** (Einar Arnórsson)

gegn

**Ingólfi Vestmann Eyjólfssyni** (Sigurður Ólason)

og

**Réttvísín** (Einar Arnórsson)

gegn

**Magnúsi Hauki Jónssyni** (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson  
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot. Rangur framburður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, skal sviptur leyfi til að aka bifreið 8 mánuði alls.

Kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00. Ákærði, Magnús Haukur Jónsson, greiði málflutningslaun skipaðs